

**86. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
21. ágúst 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Ingunn Ríkharðsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801242 - Skóladagatal skólaárið 2018 - 2019**

Lagðar fram tillögur að breytingum á áður samþykktu skóladagatali grunnskólanna fyrir skólaárið 2018 - 2019.

*Áheyrnarfulltrúar taka sæti á fundinum:*

*Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla og Hallbera Jóhannesdóttir fulltrúi starfsfólks grunnskólanna.*

*Skóla- og frístundaráð staðfestir breytt skóladagatal grunnskólanna á Akranesi fyrir skólaárið 2018 - 2019.*

*Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi 16:45*

**2. 1808057 - Framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi**

Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássi á Akranesi, sem hefur það hlutverk að gera þarfagreiningu og leggja fram tillögur.

*Ingunn Ríkharðsdóttir tekur sæti á fundinum sem áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að stofnaður verði starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi.*

**3. 1808127 - Reiknilíkan leikskólanna 2018- endurskoðun**

Reiknilíkan leikskólanna - fjármagn vegna afleysinga.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja til við bæjarráð að leikskólarnir fái bætingu inn í fjárhagsáætlun sem nemur skertri upphæð til afleysinga samkvæmt reiknilíkani fyrir leikskólana.*

*Ingunn Ríkharðsdóttir víkur af fundi kl. 17:30.*

**4. 1808059 - Dagforeldrar - Reglur um niðurgreiðslur vegna dvalar hjá dagforeldrum**

Málefni dagforeldra og tillaga að endurskoðuðum reglum um niðurgreiðslur vegna



dvalar fjölbura hjá dagforeldrum.

Skóla- og frístundaráð beinir því til bæjarráðs að breyting verði gerð á reglum um niðurgreiðslu vegna dvalar fjölbura hjá dagforeldrum eftir því sem hér segir.

Grein 5. hljóði:

Þeir foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4 - 8 klukkustundir á dag fá niðurgreiðslu og getur greiðslan hæst orðið kr. 55.000 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun. Foreldrar fjölbura sem kaupa vistun hjá dagforeldum í 4 - 8 klukkustundir á dag fá niðurgreiðslu kr. 63.000 fyrir eitt barn, vegna næsta barns tekur niðurgreiðslan mið af dvalar- og matargjaldi barns á leikskóla með systkinaafslætti fyrir 8 tíma vistun. Starfsárið 2018 - 2019 er niðurgreiðslur fyrir annað fjölburabarn kr. 100.000 og hlutfallslega sama á við þriðja fjölburabarnið. Við niðurgreiðslu til dagforeldra er tekið hlutfallslegt mið af dvalarstundum barnsins.

#### **5. 1808114 - Frístund- vegna mannauðsdags Akraneskaupstaðar**

Lögð fram ósk deildarstjóra frístundaheimila á Akranesi.

Bryndís Gylfadóttir deildarstjóri frístundaheimilis Þorpsins og Edda Ósk Einarsdóttir deildarstjóri frístundaheimilis Grundasels taka sæti á fundinum 17:55.

Skóla- og frístundaráð samþykkir þessa beiðni um þrjá skipulagsdaga annað hvert ár og vísar erindinu til bæjarráðs.

Lagt er til að tekið sé saman yfirlit yfir hvernig opnunartími frístundaheimila er í öðrum sveitarfélögum og kynnt á fundi skóla- og frístundaráðs þegar gögnin liggja fyrir.

Bryndís og Edda Ósk víkja af fundi 18:00

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:16.

*Bærð Danadóttir  
Ragnar Sæm —*